

20

12. febr.

L Ö G

um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Borgarhreppi í Mýrasýslu hálfan Víðidal (hálfan Víðidal allan) eins og hún hefir eignazt hann með makaskiptasamningi dags. 20. marz 1937.

2. gr.

Söluverðið sé 600 krónur og greiðist með $\frac{1}{10}$ við afsal, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á 28 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

21

12. febr.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Síðari málsgr. 24. gr. laganna orðist þannig:

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðveggar greiðast úr rikissjóði og reiknast með kostnaði vegarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.